

LÖG

um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða
og skipulagslögum (svæðisráð o.fl.).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Breyting á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- Orðin „eða endurskoðun á strandsvæðisskipulagi“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
3. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar átta fulltrúa í svæðisráð, þrjá samkvæmt tilnefningum ráðherra sem fara með umhverfis-, orku-, ferða-, fjarskipta-, samgöngu- og sjávarútvegsmál, þrjá samkvæmt tilnefningum aðliggjandi sveitarfélaga, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar sem jafnframt skal gegna formennsku í ráðinu. Jafn margir varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Á skipunartíma svæðisráðs er ráðherra heimilt að skipta út fulltrúum og varafulltrúum að beiðni tilnefningaraðila eða að eigin frumkvæði í tilfelli formanns og varamanns hans.

2. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Leiki vafi á því hvort tiltekin framkvæmd eða starfsemi samræmist gildandi strandsvæðisskipulagi skal leyfisveitandi leita ráðgefandi álits Skipulagsstofnunar áður en leyfi er veitt. Skipulagsstofnun getur einnig gefið slíkt ráðgefandi álit að eigin frumkvæði, telji hún tilefni til. Skipulagsstofnun getur óskað eftir umsögn viðkomandi svæðisráðs áður en hún veitir álit samkvæmt þessari málsgrein.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 10. gr. laganna:

- Við lokamálslið bætist: eða siglingaöryggi er ógnað.
- Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá skal tekið mið af öðrum stefnum og áætlanum sem hafa áhrif á nýtingu og vernd haf- og strandsvæða.

4. gr.

Orðin „drög að“ í 2. málsl. 11. gr. laganna falla brott.

5. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „framsetningu strandsvæðisskipulags“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: nýtingarflokka í strandsvæðisskipulagi og skilgreiningu þeirra sem.
- b. 3. mgr. orðast svo:

Þær reglugerðir sem kveðið er á um í lögum þessum skulu settar að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við ráðuneyti umhverfis-, orku-, ferða-, fjar-skipta-, samgöngu- og sjávarútvegsmála og Samband íslenskra sveitarfélaga.

II. KAFLI

Breyting á skipulagslögum, nr. 123/2010.

7. gr.

Í stað orðanna „og Austfirði“ í 7. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: Austfirði, Eyjafjörð og Skjálfandaflóa.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. júní 2025.

Kristrún Frostadóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.
(L. S.)

Benedikt Bogason.

Inga Sæland.